



## Bæjarráð Reykjaneshæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjaneshæjar

Reykjaneshæjar, 25. september 2024

Mál nr. 2024010258

**Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, mál nr. S-178/2024, lögð fram á Samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar 16. september 2024.**

Reykjaneshæjar hefur borist til umsagnar drög að þingsályktun um stefnuna og framkvæmdaáætlunina, *Samfélag okkar allra – framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda*.

Reykjaneshæjar fagnar drögum að heildstæðri stefnu um inngildandi samfélag fjölbreytileikans. Framtíðarsýnin, meginmarkmiðin og lykilviðfangsefnin fanga vel viðfangsefnið og stuðla að því að á Íslandi sé unnið að inngildandi samfélagi fjölbreytileikans með viðtækum hætti. Áhersla er lögð á ábyrgð samfélagsins alls á því að skapa vettvang tækifæra fyrir fólk af erlendum uppruna á Íslandi og að málefni innflytjenda og samfélags fjölbreytileikans skuli vera inngildandi þáttur í annarri stefnumótun og ákvarðanatöku. Þessi áhersla rímar vel við stefnu Reykjaneshæjar sem ber yfirskriftina Reykjaneshæjar í krafti fjölbreytileikans.

Bersýnilegt er á texta þingsályktunartillögunnar að sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki í innleiðingu stefnunnar, enda sinna sveitarfélög í ríku mæli nærþjónustu við íbúa landsins og eru nærumhverfi þeirra. Stefnan er háð sterkri innviðaupbyggingu hjá sveitarfélögunum, ekki síður en hjá ríkinu, því er mikilvægt fyrir sveitarfélögin að stutt sé við verkefni sem unnin eru í nálægð við íbúanna.

*Hera Ósk Einarsdóttir*

Hera Ósk Einarsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Ráðhús Reykjaneshæjar  
Tjarnargata 12  
230 Reykjaneshæjar

Sími: 421 6700  
reykjaneshajar@reykjaneshajar.is  
www.reykjaneshajar.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni